

Hafnarfjarðarbær,  
Skipulags- og byggingarsvið,  
Norðurhelli 2,  
221 Hafnarfjörður

Akureyri, 06.12.2013

Með bréfi dagsettu 11.11.2013 óskar Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar eftir umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005–2025.

Skógrækt ríkisins vekur athygli á því að í nýjum skipulags- og byggingarlögum og fylgjandi skipulagsreglugerð 90/2013 er skógrækt og landgræðsla nýr landnotkunarflokkur (SL- dökkgrænn 49-163-84 # 31A354).

Skógrækt ríkisins mælir með því að Hafnarfjarðarbær noti þessa skilgreiningu og afmarki núverandi og framtíðar skógræktarlönd með þessum hætti á skipulagsupprætti og í greinargerð sem fylgir endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005–2025, þar sem það á við.

Gerum að öðru leyti ekki athugasemdir við umfjöllun um skógrækt í endurskoðuðu Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005–2025 eins og það er kynnt í pósti frá 05.11.2013.

F.h Skógræktar ríkisins

---

Hallgrímur Indriðason  
skipulagsfulltrúi